

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 10. apríl 2018 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Jóhann R. Kristjánsson. Þróstur Helgason boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málræktarþing 2018

Sjá fg. ÍM 2/2018, lið 1. Málræktarþing 2018 verður haldið í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins fimmtudaginn 15. nóvember. Fyrirlestrarsalurinn hefur nú þegar verið pantaður. Rætt var um hverjir gætu verið fyrirlesarar á málræktarþinginu og ákveðið var að hafa samband við nokkra aðila og kanna hvort þeir hefðu tök á því að flytja erindi á þinginu.

2. Frágangur á efni frá fundinum í febrúar

Sjá fg. ÍM 2/2018 lið 4. Áhugi er á að birta erindin sem flutt voru á málþinginu „Unga fólkíð og bókmenntirnar“ 7. febrúar í Ármúlaskóla. Rætt var um að gefa út rafrænt rit á heimasíðu málnefndarinnar og birta þetta efni þar. Umræður um útlit ritsins. Fyrirlesarar á málþinginu í febrúar hafa þegar sent erindi sín til ritara málnefndar.

3. Fundur með mennta- og menningarmálaráðherra

Sjá fg. ÍM 2/2018 lið 3.

Óskað hefur verið eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra en engin svör hafa borist frá ráðuneytinu. Ármann hefur tekið saman minnisblað með atriðum til að afhenda ráðherra (Skipunartími Íslenskrar málnefndar, Lögin og málstefnan, Íðorðabankinn, Tungan og netið, Tugnan og ungmennin, Tungan í fjölmenningsamfélaginu). Á fundinum með ráðherra þarf að ræða þau áhersluatriði sem komið hafa fram í ályktunum málnefndarinnar. Ályktunum þarf að fylgja eftir og fá fjármagn í átaksverkefni þeim tengd.

4. Formennska í norræna málnefndarsamstarfinu 2019

Ísland tekur við formennsku í norræna málnefndarsamstarfinu á næsta ári. Þetta þýðir að formaður og ritari bera ábyrgð á því að norræna netverkið starfi. Þessu fylgir aukið álag, s.s. gerð fjárhags- og starfsáætlana, árskýrslu, skipulag netverksfunda, ábyrgð á útgáfu Sprog i Norden og ábyrgð á umsóknum um styrki.

5. Önnur mál

a) Viðbrögð við athugasemdum ÍM

Íslensk málnefnd sendi fyrir jól athugasemdir vegna Isavia. Málið er nú hjá Sigurði Inga Jóhannssyni samgönguráðherra en stjórn Isavia er undir fjármálaráðuneytinu.

b) Fundur allrar málnefndarinnar 24. apríl

Fundur allrar málnefndarinnar verður haldinn þriðjudaginn 24. apríl í fundarsal mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sölvhólsgrötu 4.

c) Málþing í Réttarholtsskóla

Málþing um ritun verður haldið miðvikudaginn 11. apríl kl. 15–16:30 í Réttarholtsskóla. Efni ritunarþingsins tengist ályktun Íslenskrar málnefndar 2017. Fyrirkomulagið verður svipað og hjá málþingi ÍM í Ármúlaskóla í febrúar. Auglýsing um málþingið var send fulltrúum Íslenskrar málnefndar til fróðleiks.

d) Nýr fulltrúi Staðlaráðs

Helga Sigrún Harðardóttir hefur verið skipaður nýr fulltrúi Staðlaráðs í Íslenskri málnefnd.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.30.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
Ssgn.